

## Skýrsla fulltrúa í foreldraráði

### 48) 29. September

#### a. Fundarskipulag vetrarins

#### b. Ársskýrsla GF 2016-2017

Skólaráð fékk ársskýrslu síðasta skólaárs afhenta. Umræður spunnust um innihald skýrslunnar, hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar og hvort óþarfi er að birta upplýsingar sem fram koma í skólanámskrá og starfsáætlun skólans.

#### c. Starfsáætlun GF 2017-2018

Starfsáætlun núverandi skólaárs afhent fundarmönnum og hún rædd. Í umræðum var bent á hátt verð á skólamáltíðum skv. gjaldskrá og að systkinaafsláttur væri ekki veittur. Fram kom að Fjallabyggð er í hópi þeirra sveitarfélaga sem er með hæsta verðið á skólamáltíðum skv. fréttum fjölmiðla nú í haust. Rætt var um verð og gæði skólamáltíða, útboð sveitarfélagsins á skólamáltíðum og hvort skólaráð væri bært til þess að fjalla um systkinaafslátt. Skólastjóri sagði nauðsynlegt að ræða fyrirkomulag skólamáltíða þar sem athugasemdir og ábendingar hafi borist um það sem betur má fara í því sambandi

### 49) 27. Október

#### a. Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun skólans lögð fram til kynningar.

#### b. Umbótaáætlun skólans

Skólastjóri kynnti skólaráði umbótaáætlun sem skilað var til menntamálaráðuneytisins í júní sl. Umbótanefnd skólans mun fylgja áætluninni eftir í vetur.

#### c. Önnur mál

Til umræðu kom m.a. opnunartími félagsmiðstöðvarinnar Neon.

### 50) 01. Desember

#### a. Stjórn nemendafélagss skólans

Undir þessum lið komu nemendur með ábendingar um það sem betur má fara í unglingadeild. Rætt var um skólamötuneytið, samskipti, skólareglur og skólaakstur.

### 51) 02. febrúar.

#### a. Niðurstöður nemendakönnunar

Flett var í gegnum niðurstöður könnunarinnar frá 3. nóvember 2017 og þær ræddar.

#### b. Skólareglur (orkudrykkir)

## 52) 09. Mars

### a. Skóladagatal 2018-2019

Í umræðum um drög að skóladagatali komu fram eftirtaldar athugasemdir og ábendingar:

- Vetrarleyfi dagsett 7. og 8. mars er stuttu fyrir páskaleyfi, einnig töluvert seint á skólaárinu þ.a. það nýtist ekki nemendum sem skyldi. Hugmynd kom fram um að færa annan daginn til 16. nóvember og hinn til 8. febrúar. Með því móti fá nemendur tvisvar sinnum 4 daga helgi.
- Kynningarfundir fyrir foreldra vantar á skóladagatalið. Mikilvægt að þeir verði eins snemma á skólaárinu og kostur er.
- Rætt var um gildi samfráðsfunda með foreldrum og hvort þeir ættu að vera á tilteknum degi hjá öllum nemendum eða í sömu vikunni. Fram kom að greinarkennarar væru ekki sýnilegir á viðtalsdögum og að úr því mætti bæta því eðlilega eru umsjónarkennarar ekki upplýstir um stöðu nemenda í öllum námsgreinum.

## 53) 04. Maí

### a. Skóladagatal 2018-2019

Lögð var fram tillaga Fræðslu- og frístundanefndar Fjallabyggðar frá fundi nefndarinnar 9. apríl 2018 um að halda því vetrarfrí sem er skráð 7.-8. mars á skóladagatali 2018-2019 en bæta inn einum frídegi að hausti, 16. nóvember og hefja skólastarf einum degi fyrr. Skólaráð fellst á hugmyndina en beinir þeim tilmælum til Fræðslu- og frístundanefndar að framvegis verði vetrarfrí í skammdeginu til þess að það nýtist nemendum sem best til hvíldar.

### b. Niðurstöður foreldrakönnunar

Farið var yfir samantekt á niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins sem var lögð fyrir í febrúar 2018.

### c. Niðurstöður starfsmannakönnunar

Farið var yfir samantekt á niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins sem var lögð fyrir í mars 2018.